

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Fucidin 2% krem

fúsidínsýra

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Fucidin og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Fucidin
3. Hvernig nota á Fucidin
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Fucidin
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### 1. Upplýsingar um Fucidin og við hverju það er notað

Fucidin inniheldur sýklalyf sem verkar gegn bakteríum sem valda sýkingum í húð.

Fucidin er notað til meðferðar á húðsýkingum af völdum baktería sem eru næmar fyrir lyfinu.

Læknirinn gæti hafa ávísað annars konar notkun. Fylgið alltaf fyrirmælum læknisins.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

#### 2. Áður en byrjað er að nota Fucidin

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

**Ekki má nota Fucidin:**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir fúsidínsýru eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

**Varnaðarorð og varúðarreglur**

Notið ekki kremið nálægt augum, þar sem það getur valdið ertingu í auga.

**Meðganga og brjóstagjöf**

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

**Meðganga**

Fucidin skal eingöngu nota samkvæmt læknisráði.

**Brjóstagjöf**

Fucidin má nota við brjóstagjöf, en þó má ekki bera það á brjóstið.

## **Akstur og notkun véla**

Fucidin hefur engin áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **Notkun annarra lyfja samhliða Fucidin**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Nota má Fucidin samhliða öðrum lyfjum.

## **Fucidin krem inniheldur bútýlhýdroxýanisól, cetýlalkóhól og kalíumsorbat**

Bútýlhýdroxýanisól E 320, cetýlalkóhól og kalíumsorbat geta valdið staðbundnum útbrotum (t.d. snertihúðbólgu).

Bútýlhýdroxýanisól E320 getur auk þess ert augu og slímhúðir.

## **3. Hvernig nota á Fucidin**

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækni eða lyfjafræðingi.

### **Ráðlagður skammtur er:**

#### Börn og fullorðnir:

Berið kremið á 2-3 sinnum á sólarhring.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ekki er vitað um eitranir eftir notkun Fucidin.

### **Ef gleymist að nota Fucidin**

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota. Haldið áfram að nota ráðlagðan skammt.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur Fucidin valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum.

### **Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)**

- Exem
- Útbrot
- Kláði
- Húðroði
- Verkir á svæði sem borið er á (þ.m.t. brunatilfinning eða náladofi í húð)
- Erting á svæði sem borið er á

### **Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)**

- Ofnæmi
- Augnbólga með rauðum augum og aukinni táramyndun
- Útbrot (ofsakláði) og bólga. Getur verið alvarlegt. Hafið samband við lækinn. Bólga í andliti, vörum og tungu getur verið lífshættuleg. Hringdu í 112.
- Ofsakláði

- Blöðrur

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Fucidin**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum eða á túpunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Fucidin inniheldur**

Virkt efni: Fúsídínsýra.

Önnur innihaldsefni: Bútýlhýdroxýanisól E320, cetýlalkóhól, glýseról 85%, kalíumsorbat E202, paraffínolía, pólýsorbat 60, hreinsað vatn, saltsýra, hvítt vaselín og all-*rac*- $\alpha$ -tocoferol.

### **Lýsing á útliti Fucidin og pakkingastærðir**

Fucidin krem er hvítt, lyktarlaust krem.

Pakkingastærðir: 15 g

### **Markaðsleyfishafi**

LEO Pharma A/S  
Industriparken 55  
DK-2750 Ballerup  
Danmörk.

### **Framleiðandi**

LEO Laboratories Ltd.  
285 Cashel Road, Dublin 12,  
Írland.

LEO Pharma Manufacturing Italy S.r.l  
Via E. Schering 21  
20054 Segrate (MI)  
Ítalía.

### **Umboð á Íslandi**

Vistor hf.  
Hörgatúni 2  
210 Garðabæ.

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2022.**